

21. október 2024 – Fréttatilkynning

Sjóvá – Árshlutauppgjör

1.429 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 96,1% á fyrstu níu mánuðum ársins

Þriðji ársfjórðungur 2024

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 877 m.kr. (3F 2023: 595 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 710 m.kr. (3F 2023: 1.319 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.441 m.kr. (3F 2023: 1.738 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 2,3% (3F 2023: 3,0%)
- Samsett hlutfall 89,9% (3F 2023: 92,7%)

Fyrstu níu mánuðir ársins 2024 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 970 m.kr. (9M 2023: 995 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 757 m.kr. (9M 2023: 1.717 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.429 m.kr. (9M 2023: 2.304 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,8% (9M 2023: 4,4%)
- Samsett hlutfall 96,1% (9M 2023: 95,7%)
 - Horfur fyrir árið 2024 eru óbreyttar og gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%
 - Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.700-2.400 m.kr. og samsett hlutfall 93-95%

Hermann Björnsson, forstjóri:

Hagnaður Sjóvár á þriðja ársfjórðungi nam 1.441 m.kr. og samsett hlutfall var 89,9%. Afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði var 1.252 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum var 877 m.kr.

Afar sterkur grunnrekstur endurspeglar niðurstöður fyrir bæði þriðja fjórðung sem og fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Tekjuvöxtur á fjórðungnum er í takt við áætlanir og nam 6,9% sem er minna en síðustu misseri en taka verður tillit til þess að markaðshlutdeild Sjóvár hefur vaxið mikið undanfarin ár. Áfram verður lögð áhersla á arðbæran og skynsaman tryggingarekstur með framúrskarandi þjónustu en vöxtur er gjarnan afleiðing þess eins og hefur verið í tilfalli okkar.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði á fjórðungnum nam 1.252 m.kr. sem er í samræmi við væntingar m.v. núverandi vaxtastig og samsetningu eignasafnsins. Markaðir voru heilt yfir góðir á fjórðungnum með lækkandi verðbólgu og væntingum um að vaxtalækkunarferli gæti hafist á síðasta fjórðungi ársins, sem varð raunin. Helstu tíðindin á fjórðungnum eru breytingar innan safns óskráðra hlutabréfa þar sem eignarhlutur Sjóvár í Controlant var færður niður um 417 m.kr., eignarhlutur í Loðnavinnslunni upp um 178 m.kr. og eignarhlutur í Origo upp um 157 m.kr. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 6,1%, ríkisskuldabréfa 1,3%, annarra skuldabréfa 1,4% og safnsins alls 2,3%. Í lok þriðja fjórðungs nam stærð eignasafnsins 59,6 milljörðum kr.

Hagnaður Sjóvár fyrir skatta á fyrstu 9 mánuðum ársins nam 1.775 m.kr. Þar af nam hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 970 m.kr. og samsett hlutfall 96,1%. Þá var hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta 2.016 m.kr. Mörg stór brunatjón hafa orðið á árinu sem nema samtals tæpum 1.200 m.kr. í eigin hlut og vigta um 5 prósentustig í samsettu hlutfalli. Í því ljósi má segja að niðurstöðurnar úr rekstri séu mjög sterkar.

Mikið var um að vera á nýliðnum ársfjórðungi og margar ánægjulegar fréttir af starfseminni.

Í október hlaut Sjóvá viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni FKA í sjötta sinn. Viðurkenningin er veitt þeim þátttakendum í verkefninu sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í efsta lagi stjórnunar. Þá hlaut Sjóvá viðurkenningu Stjórnvísí fyrir góða stjórnarhætti og um leið nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.

Sjóvá var einnig efst tryggingafélaga í Sjálfbærniásnum en Sjálfbærniásinn er nýr samræmdur mælikvarði sem mælir viðhorf íslenskra neytenda til frammistöðu fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessi viðurkenning byggji á svörum neytenda því það er einmitt í samstarfi við þá og okkar góðu samstarfsaðila sem við getum náð bestum árangri í þessum efnum, eins og dæmin sanna.

Sem fyrr er Sjóvá fyrsta val á tryggingamarkaði og með tryggustu viðskiptavinina skv. könnun Prósents í október 2024.

Við erum afar ánægð með þessar góðu niðurstöður og vitum að allt helst þetta í hendur og undirbyggir góðan rekstur.

Ánægjulegt er að segja frá því að fjórða björgunarskip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar var afhent formlega á ráðstefnu Landsbjargar, Björgun. Þá var tilkynnt við sama tilefni að fjármögnun fyrir næsta björgunarskip félagsins væri tryggð og skrifað hefði verið undir samning um smíði skipsins, sem staðsett verður á Höfn í Hornafirði. Um miklar gleðifréttir er að ræða en Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili Landsbjargar í áraraðir.

Í september sl. var gengið frá kaupréttarsamningum við starfsfólk félagsins í samræmi við samþykka kaupréttaráætlun, auk viðauka sem samþykktur var í október og lýtur að arðsleiðréttingum. Kaupréttur samkvæmt áætluninni nær til allra fastráðinna starfsmanna Sjóvár og er markmið áætlunarinnar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni félagsins og hluthafa þess.

Horfur okkar fyrir afkomu þessa árs og til næstu 12 mánaða eru óbreyttar, þ.e. að samsett hlutfall ársins 2024 verði 95-97% og afkoma af váttryggingasamningum verði 1.100-1.600 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði 93-95% og afkoma af váttryggingasamningum verði 1.700-2.400 m.kr.

Kynningarfundur 21. október kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 21. október kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-3f-2024/>. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

Ársuppgjör 2024 6. febrúar 2025
Aðalfundur 2025 13. mars 2025

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-
Almennra trygginga hf. vegna þriðja ársfjórðungs 2024.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	3F 2024	3F 2023	%	9M 2024	9M 2023	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.714.017	8.149.925	6,9%	25.140.396	23.255.774	8,1%
Tjón tímabilsins	(6.104.796)	(5.883.836)	3,8%	(18.390.606)	(17.846.588)	3,0%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.520.119)	(1.360.873)	11,7%	(4.824.967)	(4.441.775)	8,6%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(211.700)	(310.662)	-31,9%	(955.039)	27.859	-
Afkoma af váttryggingasamningum	877.402	594.554	47,6%	969.784	995.270	-2,6%
Hreinar fjármunatekjur	7.015	189.331	-96,3%	582.575	838.633	-30,5%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.343.292	1.381.442	-2,8%	1.721.931	1.511.785	13,9%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(98.206)	(66.328)	48,1%	(288.286)	(217.659)	32,4%
Afkoma fjárfestinga	1.252.102	1.504.445	-16,8%	2.016.220	2.132.758	-5,5%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(541.780)	(185.267)	-	(1.259.653)	(416.143)	-
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	710.321	1.319.178	-46,2%	756.568	1.716.615	-55,9%
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	1.587.723	1.913.732	-17,0%	1.726.352	2.711.866	-36,3%
Aðrar tekjur	38.278	40.724	-6,0%	134.979	116.004	16,4%
Annar rekstrarkostnaður	(10.573)	(9.687)	9,1%	(36.184)	(34.196)	5,8%
Annar fjármagnskostnaður	(16.667)	(17.091)	-2,5%	(50.238)	(51.121)	-1,7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.598.761	1.927.678	-17,1%	1.774.908	2.742.574	-35,3%
Tekjuskattur	(157.289)	(189.976)	-17,2%	(345.977)	(438.500)	-21,1%
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins	1.441.472	1.737.702	-17,0%	1.428.931	2.304.074	-38,0%
Helstu kennitölur	3F 2024	3F 2023		9M 2024	9M 2023	
Tjónahlutfall	70,1%	72,2%		73,2%	76,7%	
Endurtryggingahlutfall	2,4%	3,8%		3,8%	(0,1%)	
Kostnaðarhlutfall	17,4%	16,7%		19,2%	19,1%	
Samsett hlutfall	89,9%	92,7%		96,1%	95,7%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	29,6%	37,9%		10,4%	17,2%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	26,7%	34,2%		8,4%	14,5%	
Eiginfjárhlutfall				30,7%	32,0%	
Gjaldþolshlutfall				1,45	1,52	
Lágmarksfjármagnshlutfall				3,33	3,36	
Helstu liðir úr efnahagsreikningi				30.09.2024	31.12.2023	
Verðbréf				57.776.979	54.267.272	
Endurtryggingaeignir				1.828.474	1.815.922	
Eignir samtals				72.726.097	69.304.836	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga				40.768.570	36.748.810	
Eigið fé samtals				22.299.690	23.321.301	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. september 2024 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 21. október 2024. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.